



Hestamannafélagið Glaður

Stjórnarfundur 14.02.2006

Endurritað úr fundargerðarbók Glaðs á ábyrgð ritara:

Fundur í stjórn Glaðs haldinn í að Sunnubraut 7, þann 14. febrúar 2006.

Mættir: Erling, Margrét, Bryndís, Harald og Þórður

1) Vallarmálið.

Samþykkt að stefna að vígslu vallarins á Bikarmóti Vesturlands í lok júlí. Rætt um efsta lagið og um grindverk, þau mál eru í athugun. Formaður greinir frá styrkbeiðnum sem sendar hafa verið til nokkurra aðila. Dalabyggð hefur styrkt völlinn um 1.000.000 til viðbótar og komið er samþykki frá Íþróttasjóði fyrir 300.000.

2) Rætt um væntanlegar styrkveitingar frá ríkinu til bygginga reiðhalla og reiðskemma. Samþykkt að stefnt skuli að því að Glaður verði á meðal umsækjenda.

Þórður Ingólfsson (sign)

Harald Ó. Haralds. (sign)

Bryndís Karlsdóttir (sign)

Margrét Guðbjartsdóttir (sign)

Erling Kristinsson (sign)